

# Fréttabréf

2.tbl. 3. árg.

30. júní 2009

Fundur í  
almannavarna- og  
öryggismálaráði

Stjórn  
Samhæfingar-  
stöðvarinna

Viðbrögð við  
inflúensu A  
(H1N1)

Undirbúnings-  
fundur með  
lögreglustjórum  
og  
sóttvarnalæknum

Vinnufundir og  
gerð  
svæðisáætlana

Vefsíðan  
inflúensa.is

Upplýsinga-  
bæklingur fyrir  
ferðamenn

Viðbragðs-  
áætlanir  
heilbrigðis-  
stofnana

ESB verkefni um  
rýmingar og  
brottflutning

Jarðskjálftar á  
Reykjanesi

Fluglysasæfingar á  
þórshöfn og á  
Keflavíkurflugvelli

# RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

## ALMANNAVARNADEILD



### Fundur í almannavarna- og öryggismálaráði

Fyrsti fundur í almannavarna- og öryggismálaráði var haldinn 10. júní s.l. í Þjóðmenningarhúsinu. Hann hófst með ávarpi formanns ráðsins, Jóhönnu Sigurðardóttir forsætisráðherra, sem fór yfir hlutverk almannavarna- og öryggismálaráðs. Þá flutti ávarp Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra og gerði hún grein fyrir skipulagi almannavarna. Starfsmenn almannavarnadeildarinnar fluttu erindi um neyðarstjórnun almannavarna og fóru yfir nokkur verkefni deildarinnar. Sóttvarnalæknir sagði frá samstarfi almannavarnadeildarinnar og sóttvarnalæknis við gerð áætlunarinnar um heimsfaraldur inflúensu. Hann fór einnig yfir þróun inflúensunnar A(H1N1) í heiminum og hugsanlega framvindu hennar. Þá var stutt kynning á verkefninu Langtímoviðbrögð við náttúruhamförum.

Í 3. grein laga um um almannavarnir nr. 82/2008 er gerð grein fyrir stefnumörkun stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum. Stefnan skal mörkuð af almannavarna- og öryggismálaráði til þriggja ára í senn. Stefnumótun á þessu sviði varðar starfsemi viðbragðsaðila og opinberra stofnana. Í almannavarna- og öryggismálastefnu stjórnvalda skal gera grein fyrir ástandi og horfum í almannavarna- og öryggismálum í landinu, fjalla um áhersluatriði varðandi skipulag almannavarna- og öryggismála, forvarnastarf, nauðsynlega samhæfingu á efni viðbragðsáætlana, nauðsynlegar birgðir til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum, endurreisin eftir hamfarir og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar. Sjö ráðherrar eiga fast sæti í ráðinu en þeim má fjölga um að minnsta kosti two í samræmi við þær áherslur sem ríkisstjórnin kýs að leggja hverju sinni. Auk þeirra er ráðið skipað 26 fulltrúum stjórnvalda, sveitarfélaga, björgunar- og hjálparaðila. Á þessum fyrsta fundi sínum ályktaði ráðið (1) um stuðning við aðgerðir almannavarnayfirvalda og sóttvarnalæknis um samhæfð viðbrögð vegna heimsfaraldurs inflúensu, (2) að fela dómsmálaráðherra í samvinnu við hlutaðeigandi aðila að undirbúa drög að stefnu stjórnvalda í almannavarna og öryggismálum til þriggja ára og (3) að styðja áframhaldandi undirbúning að gerð viðbragðsáætlana s.s um vernd mikilvægra samfélagsinnviða og netöryggis og viðbragðsáætlunar um varnir gegn geisla-eiturefna og síklararásum.





## Stjórn Samhæfingarstöðvarinnar

Í Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða. Í nýjum lögum um almannavarnir eru ákvæði um stjórn stöðvarinnar. Hún lýtur ellefu manna stjórn sem dómsmálaráðherra skipar. Formaður stjórnar er skipaður af ráðherra án tilnefningar og hefur Jón Gunnarsson verið skipaður formaður. Aðrir í stjórn koma frá ríkislöggreglustjóra, Landhelgisgæslu Íslands, landlæknii, stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, stjórn samræmdrar neyðarsvörunar, Rauða krossi Íslands, Flugstoðum og stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar og eru þeir valdir úr hópi þeirra sem taka virkan þátt í starfi Samhæfingarstöðvarinnar. Auk þess tilnefna samgönguráðherra og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvor sinn fulltrúa. Fulltrúi ríkislöggreglustjóra í stjórninni er Jón F. Bjartmarz.

Stjórnin ræðir og tekur ákvarðanir um innra skipulag, rekstur og samstarf viðbragðsaðila og beitir sér fyrir ráðstöfunum til að tryggja snurðulausa framkvæmd viðbragðsáætlana. Stjórnin getur ákveðið að viðbragðsaðilar almannavarna, sem ekki eiga fulltrúa í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar, tilnefni fulltrúa í samhæfingar- og stjórnstöðvarráð sem er stjórninni til ráðuneytis við ákvarðanir hennar.

Samhæfing eða framkvæmd aðgerða er ekki á verksviði stjórnar.

## Viðbrögð vegna inflúensu A (H1N1)

Fyrstu almennu viðbrögðin vegna hinnar nýju inflúensu A (H1N1) hófust hér á landi þann 28. apríl með blaðamannafundi almannavarnadeildar ríkislöggreglustjóra og sóttvarnalæknis. Þar var tillkynnt að viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu hefði verið virkjuð. Ekki var talin ástæða til að takmarka ferðalög til útlanda, en fram til 15. maí var fólk hvatt til að fara ekki til Mexikó. Farþegar á leið til landsins fengu upplýsingar um inflúensuna, einkenni hennar og hvert þeir gætu leitað ef þeir hefðu einkenni inflúensunnar. Einnig var opnuð móttaka í Leifsstöð þar sem farþegum var boðin rannsókn ef þeir teldu sig hafa einkenni inflúensu við komuna til landsins.

Leiðbeiningar voru gefnar út um handþvott, hreinlæti og annað sem tengdist inflúensunni. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO, sóttvarnastofnanirnar í Bandaríkjum CDC og Evrópu ECDC höfðu með sér náið samstarf og fylgdust með framvindu og þróun inflúensunnar. Alls hafa fjögur inflúensutilfelli verið greind hér á landi. Þrír smituðust í Bandaríkjum og einn hérlandis. Vinna við viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu hófst árið 2005. Áætlunin var undirrituð 28. mars 2008 en hún var samstarfsverkefni sóttvarnalæknis og almannavarnadeilda ríkislöggreglustjóra.

Áætlunin er mjög viðamikil og komu fjölmargar stofnanir að gerð hennar. Þegar áætlunin var virkjuð nú í apríl og viðbúnaður fór í gang, skipti það sköpum að hafa áætlunina tilbúna. Strax var könnuð birgðastaða matvæla, olíu, nauðsynlegra lyfja og annarra nauðsynjavöru í landinu og lykilþættir kannaðir. Í kjölfarið var haldið áfram þeirri vinnu sem var í undirbúningi hjá almannavarnadeildinni og sóttvarnalæknii við að útfæra svæðisáætlánir í umdæmum löggreglu og sóttvarna og skipa viðbragðshóp ráðuneyta.



## Undirbúningsfundur með lögreglustjórum og sóttvarnalæknum

Þann 25. maí s.l. var haldinn fundur með lögreglustjórum og sóttvarnalæknum umdæma og svæða landsins á Grand Hótel Reykjavík. Þar var farið yfir sniðmát svæðisáætlana vegna heimsfaraldurs inflúensu og næstu skref rædd. Þar sem líkur eru taldar á að inflúensa A (H1N1) taki sig upp í haust þurfa að vera tiltækar áætlanir í umdæmum landsins.

## Vinnufundir og gerð svæðisáætlana

Viðbúnaður vegna inflúensunnar er hafinn um allt land. Vinnuhópar umdæmanna 15 hafa verið skipaðir og munu þeir vinna að svæðisáætlunum hver á sínu svæði. Sniðmát svæðisáætlana var unnið af almannavarnadeildinni og hefur hvert umdæmi lögreglu og sóttvarna sína svæðisáætlun. Áætlað er að fyrstu drög verði tilbúin 1. september næstkomandi. Fulltrúar almannavarnadeildar og sóttvarnalæknis heimsóttu umdæmin í júni og héldu vinnufundi með vinnuhópunum.

## Vefsíðan influensa.is

Við virkjun áætlunarinnar um heimsfaraldur inflúensu nú í apríl, var strax lögð áhersla á upplýsingagjöf til almennings. Fréttatilkynningar hafa verið sendar reglulega út. Vefsíðan [www.influenta.is](http://www.influenta.is) var eflað til muna. Greinar, spurningar og svör um inflúensu og aðrar gagnlegar upplýsingar voru settar á vefinn svo almenningur gæti aflað sér upplýsinga um einkenni inflúensunnar og útbreiðslu. Upplýsingar á vefsíðunni eru bæði á íslensku og ensku.

## Upplýsingabæklingur fyrir ferðamenn

Út er kominn fræðslubæklingur með ráðleggingum til ferðamanna um varúðarráðstafanir vegna nýju inflúensunnar A(H1N1), sem nú breiðist út um heiminn og greinst hefur hér á landi. Ferðaskrifstofur dreifa bæklingnum til ferðamanna á leið úr landi, en einnig eru þeir fáanlegrir á flugvöllum og á upplýsingamiðstöðvum innanlands.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst því yfir að heimsfaraldur inflúensu sé hafinn (6 stig) vegna inflúensu A (H1N1). Viðbúnaðar hér á landi beinist meðal annars að því að vekja almenning til vitundar um slíkan faraldur og hvernig megi varast smit.



## Viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnanna

Vinnudagur var haldinn í maí með fulltrúum heilbrigðisstofnanna landsins sem tilnefndir voru til að ritstýra samræmdum viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana. Allar heilbrigðisstofnanir landsins eiga góðar viðbragðsáætlanir og á þessum vinnudegi var kynnt sniðmát sem stofnanir geta nýtt sér til að samræma viðbragðsáætlana. Markmið þessarar vinnu er að eiga til samræmdar áætlanir þannig að auðveldara sé að afla upplýsinga og uppfæra áætlanir Verkefnið hlaut gæðastyrk heilbrigðisráðuneytisins og áætluð lok þessarar vinnu eru í janúar á næsta ári.



## ESB verkefni um rýmingar og brottflutning



Almannavarnadeildin tekur þátt í verkefni sem tengist rýmingu og brottflutningi íbúa frá svæðum þar sem hætta getur skapast t.d. vegna stórslysa og hamfara. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu, aðalskrifstofu framkvæmdarstjórnarinnar fyrir réttlæti, frelsi og öryggi. Í forsvari fyrir verkefnið er The Aston Crisis Centre, við Astonháskólan í Birmingham, Englandi.

Þátttakendur í verkefninu auk Íslands eru Holland og Belgía, Þýskaland, Svíþjóð, Danmörk, Spánn, Japan og Bretland. Mörg þessara landa hafa góða þekkingu á rýmingu vegna hættu, ýmist frá náttúrunni eða af mannavöldum. Hér á landi hefur verið unnið að skipulagi við rýmingar á svæðum þar sem náttúruhamfarir geta átt sér stað, bæði vegna snjóflóðhættu í byggð og eldgosa í Kötlu í Mýrdalsjökli, en einnig vegna hættu frá stíflurofi við virkjanir. Rannsóknarhópur frá Astonháskólanum dvaldist hér á landi 27-29. maí s.l. og fundaði með forsvarsmönnum viðbragðsaðila en einnig hittu þeir fulltrúa frá Vegagerðinni, Veðurstofunni, Háskóla Íslands og verkfræðistofunum Verkís og Eflu, sem hafa komið að verkefnum í tengslum við rýmingar í áætlunum almannavarna.

### Jarðskjálftar á Reykjanesi

Þann 29. maí 2009, ári eftir öflugan jarðskjálfta á Suðurlandi, varð jarðskjálfti á Reykjanesi sem mældist 4,9. Jarðskjálftinn átti upptök um 8 km norðaustur af Grindavík á Reykjanes-skaga. Aftur urðu jarðskjálftar 20.júní á svipuðum slóðum og mældust þeir 4,1 og 4,2. Jarðskjálftarnir fundust víða á Suðurlandi og Vesturlandi en upptök þessara skjálfta voru á flekaskilum á Reykjanes-skaga á þekktu jarðskjálftasvæði. Ekki urðu teljandi skemmdir vegna skjálftanna.

### Flugslysae fingar á Þórshöfn og Keflavíkurflugvelli

Til að tryggja flugöryggi á flugvöllum í samræmi við viðurkenndar öryggiskröfur eru gerðar viðbragðsáætlanir fyrir allar áætlunarflugvelli landsins sem eru uppfærðar á fimm ára fresti. Þessar áætlanir eru æfðar reglulega þar sem látið er reyna á samstarf viðbragðsaðila og æft skipulag og stjórnun í kjölfar flugslysa.

Í apríl var haldin flugslysae fing á Þórshöfn. Æfingin miðaðist við verkþáttaskipulag SÁBF þar sem helstu þættir aðgerða á slysavettvangi voru æfðir. Um miðjan apríl var haldin æfing á viðbrögðum samkvæmt neyðaráætlunum vegna flugverndar og flugslysaáætlunar fyrir Keflavíkurflugvöll. Æfð voru viðbrögð við sprengjuhótun um borð í flugvél, sem endaði með slysi eftir lendingu. Í æfingunni var áhersla lögð á samþættingu beggja viðbragðsáætlana, samvinnu viðbragðsaðila og samhæfingu aðgerða. Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð var virkuð og voru samskiptaleiðir og verklag æft við vettvang og björgunarliði veitt aðstoð eftir þörfum.